



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Málstefna Skeiða- og Gnúpverjahrepps

1. Inngangur

Málstefna Skeiða- og Gnúpverjahrepps er sett fram í samræmi við 130. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Íslenska er þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi samkvæmt lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr. 61/2011. Málstefna er mikilvægur hluti af stefnu sveitarfélagsins til þess að varðveita íslensku sem aðal tungumál í starfsemi sveitarfélagsins. Markmið málstefnunnar er að tryggja að íslenskan sé meginmál í stjórnslu og starfsemi sveitarfélagsins og að málnotkun sé vönduð, skýr og aðgengileg öllum íbúum. Vandað mál skal veramarkvisst og í samræmi við málvenju og gildandi reglur um réttitrun.

2. Meginmarkmið

Meginmarkmið stefnunnar eru:

- Að öll opinber gögn, samskipti og þjónusta Skeiða- og Gnúpverjahrepps séu á íslensku svo sem kostur er.
- Að styðja við og efla íslenska tungu í öllu starfi sveitarfélagsins.
- Að tryggja aðgengi allra íbúa að upplýsingum og samskiptum, óháð tungumálafærni eða fötlun.
- Að tryggja öllum íbúum þátttöku í íbúalýðræði og samfélagsumræðu.

3. Gildissvið

Málstefnan tekur mið af annarri stefnumörkun og skuldbindingum af hálfu Skeiða- og Gnúpverjahrepps og byggir á grundvallaratriðum þeirra um jafnræði, virðingu, traust, gagnsæi, gott aðgengi að upplýsingum og virkum samskiptum.

Málstefna þessi gildir á öllum sviðum og starfsstöðvum Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Starfsfólk skal taka mið af henni í störfum sínum og samskiptum og vanda allt mál í þjónustu og upplýsingamiðlun.

4. Gögn og tungumál

Mál sem notað er í öllum gögnum sveitarfélagsins skal vera vandað, einfalt og skýrt.

Öll gögn sveitarfélagsins skulu vera á íslensku svo sem kostur er. Í öllu kynningarefni og vefmiðlun skal leitast við að nota nútímalegt og vandað mál.

Allar upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins og allt útgefið efni skulu vera á vandaðri, skýrri og auðskiljanlegri íslensku. Á þetta meðal annars við um fundargerðir, auglýsingar, tilkynningar, reglur og aðrar samþykki, skipulagsákvæðanir, grenndarkynningar og fleira.

Birta skal valin gögn á öðrum tungumálum, einkum ensku, til að auka aðgengi og þjónustu við íbúa eða gesti.

Þegar þörf krefur skulu mikilvægar upplýsingar einnig vera aðgengilegar á öðrum tungumálum sem endurspeglar samsetningu íbúa sveitarfélagsins.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Efni sem gefið er út af sveitarfélaginu á erlendum tungumálum skal jafnframt vera til á auðskilinni íslensku. Sé efni birt á erlendu tungumáli skal tilgreina með þjóðfána eða í texta á hvaða tungumáli efnið er.

5. Málfar og málnotkun í stjórnýslu og starfi.

Íslenska skal vera meginsamskiptamál í þjónustu og vinnuumhverfi á starfsstöðvum sveitarfélagsins. Þau sem koma fram fyrir hönd sveitarfélagsins, á öllum starfsstöðvum, skulu tala og rita vandað mál og sýna vinsemi og virðingu í öllum samskiptum og þjónustu.

Þau sem skrifa og svara erindum fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps skulu skrifa einfaldan, skýran og hlutlægan texta. Forðast skal gildishlaðin orð, sterk lýsingarorð, flókin fagheiti og skammstafanir. Sveitarfélagið styður við vönduð og skýr íslensk orð og málnotkun og hvetur til notkunar íslenskra nýyrða fremur en tökuorða.

Starfsfólk Skeiða- og Gnúpverjahrepps skal nota íslensku í störfum sínum og stjórnýslu nema þar sem aðstæður krefjast þess að það noti önnur tungumál,

Starfsfólk Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem er í beinum samskiptum við íbúa sveitarfélagsins, skal hafa grundvallarfærni í íslensku eða vinna í að öðlast hana. Skeiða- og Gnúpverjahreppur skal skapa starfsfólki sínu skilyrði til að bæta íslenskukunnáttu sína með símenntun. Starfsfólk skal einnig hafa aðgang að nauðsynlegum uppláttarritum, smáforritum og vefsíðum um íslenskt mál og málnotkun, talgervla, talgreina, þýðingarforrit og leiðréttingarforrit.

Margbreytileiki mannlífs og tungumálakunnáttu er auðlind. Meta skal þekkingu og menntun starfsfólks af erlendum uppruna að verðleikum og veita því aðstoð til að nýta hana samhliða því að ná góðum tókum á íslensku máli. Starfsfólki sem ekki hefur íslensku að móðurmáli skal reglulega gefinn kostur á að sækja hagnýta íslenskukennslu til þess að öðlast grunnfærni í íslensku.

6. Málfar og málnotkun í uppeldis- og fræðslustarfi

Í öllu starfi með börnum og ungmennum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi skal horft til máluppeldis með málörvun og stuðningi við þau sem hafa fjölbreyttan tungumála bakgrunn. Menntastofnanir sveitarfélagsins setja sér málstefnu í takt við málstefnu sveitarfélagsins og íslenska málstefnu líkt og kveðið er á um í aðalnámskrá. Sú málstefna skal meðal annars leggja áherslu á að efla skal jákvætt viðhorf nemenda og starfsfólks til íslensku og hvetja til hvers konar tjáningar á íslensku. Mæta skal þörfum allra barna fyrir málörvun á þeirra forsendum með tilliti til getu og þroska. Hvetja skal börn og ungmenni til að leika sér með málið, velta fyrir sér orðum, orðanotkun og efla orðaforða sinn og styðja starfsfólk sem ekki hefur íslensku að móðurmáli við íslenskunám, bæði formlegt og óformlegt.

7. Táknmál og punktaletur

Sveitarfélagið skal leitast við að þjónusta þess sé aðgengileg á íslensku táknmáli eftir því sem við á.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

8. Íbúar af erlendum uppruna

Sveitarfélagið skal leitast við að tryggja rétt íbúa af erlendum uppruna til samskipta við stofnanir sveitarfélagsins með viðeigandi aðstoð, svo sem túlkun eða þýðingu, þegar þess er þörf.

Leitast skal við að veita upplýsingar og þjónustu á einfaldri íslensku og/eða helstu tungumálum innflytjenda.

Hvetja skal til íslenskunáms og aðlögunar með markvissum upplýsingum.

Fullorðnir íbúar af erlendu uppruna þurfa að hafa aðgang að íslensku kennslu gegnum fullorðins fræðslu.

9. Ábyrgð

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps ber ábyrgð á málstefnu sveitarfélagsins en stjórnendur stofnana sveitarfélagsins bera ábyrgð á að fylgja henni eftir.

Sveitarstjóri skal tryggja aðgengi alls starfsfólks að málstefnunni, og ber ábyrgð á að fylgjast með því að útgefið efni sé á skýru og skiljanlegu máli.

Stjórnendur sveitarfélagsins skulu tryggja að málstefnunni sé fylgt eftir í daglegu starfi

10. Málstefnan í framkvæmd

Málstefnan skal kynnt öllu starfsfólki sveitarfélagsins innan þriggja mánaða frá útgáfu hennar.

Allar fastanefndir, stofnanir og starfsfólk sveitarfélagsins skulu hafa málstefnuna að leiðarljósi í störfum sínum og við útgáfu efnis á vegum sveitarfélagsins. Stjórnendur stofnana sveitarfélagsins skulu tryggja að símenntun og endurmenntun í íslensku sé aðgengileg öllu starfsfólki sínu og að framsetning upplýsinga sé á vandaðri íslensku.

Málstefnan skal endurskoðuð reglulega, að lágmarki á fjögurra ára fresti.

11. Lokaorð

Málstefna Skeiða- og Gnúpverjahrepps er þáttur í því að varðveita og efla íslenska tungu sem lifandi og virkan samskiptamiðil í samfélagi sem einkennist af vaxandi fjölbreytileika. Með vandaðri og skýrri málnotkun tryggir sveitarfélagið bæði skilvirkni og aðgengi í samskiptum sínum við íbúa og gesti.

Samþykkt í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps 15.10.2025.